

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Dagskrá fundar:

1. Nýafstaðnir fundir með sveitarfélögum:

-Yfirferð og umræður

2. Umsagnir fyrstu tveggja verkefna nefndar:

-Úrvinnsla umsagna.



1. Nýafstaðnir fundir með sveitarfélögum:

Rætt um:

- Almenna hagsmuni
- Innviði og gáttir
- Mörk þjóðgarðs

Tillaga að bréfi:

Efni: Þjóðgarður á miðhálandi Íslands – samráð við sveitarfélög

Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu var skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra í apríl 2018 í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er ætlað að útfæra þjóðgarðinn, m.a. skilgreina mörk og verndarflokkun. Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. [Ítarefni um nefndina og störf hennar, sjá heimasíðu nefndar:

<https://www.stjornarradid.is/midhalendid>]

Nefndin mun þurfa að skila af sér tillögum í október 2019. Við störf nefndarinnar er mikil áhersla lögð á samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarfélög. Í ágúst/sept. 2018 voru haldnir kynningar- og samráðsfundir bæði með sveitarstjórnarfólki á hverju landsvæði sem og með íbúum og hagaðilum á sömu stöðum. Tveir opnir kynningarfundir af sama toga hafa verið haldnir í Reykjavík. Þá hefur nefndin kynnt á samráðsgátt stjórnvalda hugmyndir að áherslum í atvinnustefnu og tækifæragreiningu og mun kynna þar fleiri þætti á næstu mánuðum.

Nú í janúar 2019 voru haldnir átta fundir um land allt með sveitarfélögum og hagaðilum sem þau kölluðu til. Þessir fundir voru ætlaðir til að afla upplýsinga og leita eftir sjónarmiðum og áherslumálum á hverju og einu landsvæði sem snýr að miðhálandi Íslands. Á fundunum var fjallað um sértæk hagsmunamál hvers landshluta og jafnframt rætt um möguleg mörk þjóðgarðsins og þarfir fyrir innviði og aðkomuleiðir.

Meðfylgjandi þessu bréfi eru fundapunktur með helstu efnisatriðum og sjónarmiðum sem fram komu á fundi sem fram fór með þátttöku fulltrúa frá ykkar sveitarfélagi ásamt vinnukorti til glöggvunar. Þessir punktar eru hér með sendir sveitarfélaginu til kynningar. Þverpólitísk nefnd um stofnun þjóðgarðs vill benda á að mikilvægt er að sveitarstjórnir taki umræðu um málið í kjölfar fundanna. Um miðjan mars 2019 mun nefndin þurfa að koma fram með tillögur í samráðsgátt stjórnvalda. Tillögurnar lúta m.a. að mörkum þjóðgarðs og hugsanlegum aðkomuleiðum, þjónustumiðstöðvum, svæðisskiptingu og rekstrarsvæðum. Umrædd atriðið voru rædd á fundum með sveitarfélögunum og koma fram í fundarpunktum. Vilji sveitarfélög bregðast frekar við umræddum atriðum á þessu stigi áður en nefnd leggur fram tillögur sínar í samráðsgáttina er þess óskað að athugasemdum verði komið til nefndarinnar sem fyrst. Þó skal bent á að hægt verður að skila inn athugasemdum síðar beint inn á samráðsgátt þegar tillögur nefndar liggja þar fyrir.

Vakin er athygli á verklagi nefndar varðandi þau atriði sem hún á að vinna að og minnst er á í 1. mrg. þessa bréfs. Upplýsingar um verktilhögun má finna á eftirfarandi hlekk <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6b531d0a-68af-11e8-942c-005056bc530c>

Móttaka erinda:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – Miðhálandisþjóðgarður – Skuggasundi 1 - 101 Reykjavík
- Tölvupóstur berist til verkefnistjóra verkefnisins og starfsmanns nefndar, Steinars Kaldal: steinar.kaldal@uar.is s: 6952405

Virðingarfyllst f.h. nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands

Óli Halldórsson, formaður nefndar



Úrvinnsla umsagna

Fyrstu tvö verkefni: 25 umsagnir

Úrvinnsla umsagna almennt:

- Starfsmaður tekur saman fyrir nefnd.
- Athugasemdir teknar inn í texta lokaskýrslu beint í texta eða svarað í lok hvers kafla í lokaskýrslu (mat nefndar). Sú skýrsla fer einnig í samráðsgátt til umsagnar.
- Auk þess að gera lokaathugasemdir, geta umsagnaraðilar séð þar hvernig brugðist var við fyrri athugasemdum.